

Mál nr. 123/2005

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Vinnuslys við jarðbor þann 10.4.2003.

Gögn.

1. Málskot móttakið 4.7.2005 ásamt fylgigögnum nr. 1-7.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Bréf X, dags. 12.7.2005, ásamt fylgigögnum nr. 1-14.

Málsatvik.

M var að störfum ásamt fleiri starfsmönnum fyrirtækisins V við jarðboranir. Höfðu þeir unnið við að steypa utan um fóðringar í tiltekinni borholu og voru að taka upp svokallaðar borstangir eða borstreng. Losa þurfti um stangirnar og var það gert með því að tóg var sett utan um þær og einnig á spilkopp og stöngunum þannig snúið uns þær losnuðu. Meðan á þessu stóð var einn starfsmannanna við þann enda kaðalsins, sem gekk út af spilkoppinum, væntanlega í því skyni að halda tóginu strekktu á koppinum. Samkvæmt málsgögnum er að sjá að mikil átök hafi fylgt því stafi og reynt á hendur manna. Í umrætt sinn hafði árangurslaust verið reynt að losa stangirnar á venjulegan hátt. Er sýnt þótti að það myndi ekki duga var brugðið á það ráð að bæta við öðru tógi á stangirnar, setja það á annan spilkopp og nota svo báða koppana í einu til að freista þess að losa um stangirnar. Þá var M fengið það verkefni að halda í enda tógsins sem gekk út af þeim koppi er síðar var bætt við. Stangirnar losnuðu ekki þrátt fyrir mikil átök. Er spilið var við það að stöðvast jók vaktformaður aðeins hraðann á spilinu og mun tógið þá hafa hnökrað á spilkoppinum og við það slóst tógið til í hendi M með þeim afleiðingum að hann missti tak á því og það slóst í vinstri hönd hans af miklu afli. Hefur varanlegur miski verið metinn 20% og varanleg örorka 30% vegna afleiðinga slyssins.

Meðan á framangreindum aðgerðum stóð munu starfsmenn ekki hafa vita annað en stangirnar ættu að vera lausar. Við athugun eftir slysið mun hins vegar hafa komið í ljós að fóðring hafi fallið saman neðan við 700 m dýpi og klemmst utan um stangirnar sem þar með voru fastar. Þá var um óvenjulega aðgerð að ræða og svo virðist sem þeir, sem að verkinu unnu, hafi ekki áður reynt að losa stangirnar með þeim hætti sem þarna var gert.

M hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu V hjá X. Félagið hefur á hinn bóginn hafnað bótaskyldu.

Álit.

Ekki er að sjá að reynt hafi verið að grafast fyrir um ástæður þess að hin venjubundna aðferð til að losa um borstangirnar bar ekki árangur áður en gripið var til þess ráðs að bæta við öðru tógi og öðrum spilkoppi. Þá var þess ekki gætt sem skyldi við undirbúning og framkvæmd aðgerðarinnar að komast hjá að sláttur kæmi á tógið í þeim átökum sem framundan voru ef stangirnar væru eins fastar og raunin var, en mönnum var það ljóst að tógið gat slegist til ef það hnökraði á spilkoppinum. Verður að telja samkvæmt þessu að verkstjórn hafi ekki verið nægilega markviss og þess ekki gætt að verkið mætti fara þannig fram að af því stafaði sem minnst slysaþætta. Verður slysið rakið til þess hversu verkstjórn var áfátt að þessu leyti. Ber því V sem vinnuveitandi M ábyrgð á líkamstjóni hans. Ekki verður annað ráðið en M hafi farið að tilmælum yfirmanna sinna við framkvæmd verksins og ekkert liggur fyrir um að M hafi lagt á ráðin um það hvernig að verkinu var staðið. Ekki eru efni til að gera því skóna að

M sé meðvaldur að slysinu og verði að sæta lækkun bóta af þeim sökum. Verður óskert bótaábyrgð því lögð á V og X þar með gert að bæta tjónið að fullu.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist að fullu úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 9. ágúst 2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.